

STJÓRNARTÍÐINDI B 43 – 1999

17. maí 1999

901

Nr. 330

GJALDSKRÁ

fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit í Reykjavík.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum settum með stoð í þeim, skal borgarstjórn Reykjavíkur innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi, skal borgarstjórn innheimta gjald sem hér segir:

	kr.		kr.
1. flokkur	10.000	8. flokkur	55.000
2. flokkur	15.000	9. flokkur	65.000
3. flokkur	20.000	10. flokkur	70.000
4. flokkur	30.000	12. flokkur	90.000
5. flokkur	40.000	13. flokkur	95.000
6. flokkur	45.000	14. flokkur	100.000
7. flokkur	50.000	15. flokkur	110.000

Flokkun eftirlitsskyldrar starfsemi kemur fram á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að fella niður allt að helming gjaldsins.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu síðastliðin þrjú ár, hefur haft vottað gæðakerfi síðastliðin þrjú ár eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni síðastliðin þrjú ár, sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi, sbr. 2. gr., skal borgarstjórn innheimta gjald fyrir gerð starfsleyfis eins og hér segir:

Starfsemi sem talin er upp í fylgiskjali, viðauka A, lið A, B, C og D	kr. 10.500
Starfsemi sem talin er upp í fylgiskjali, viðauka A, lið E, F, G, H, I, J og K	kr. 14.000

Þó skal innheimta af starfsemi sem talin er upp í fylgiskjali, Viðauka B, starfsleyfisgjald eins og hér segir:

	kr.		kr.
Flokkur I	20.000	Flokkur V	100.000
Flokkur II	40.000	Flokkur VI	125.000
Flokkur III	50.000	Flokkur VII	150.000
Flokkur IV	85.000	Flokkur VIII	170.000

Við endurnýjun starfsleyfis eða við eigendaskipti greiðast kr. 5.000 sé um að ræða starfsemi sem talin er upp í fylgiskjali, viðauka A, lið A, B, C og D, en kr. 8.000 sé um að ræða starfsemi sem talin er upp í fylgiskjali, viðauka A, lið E, F, G, H, I, J og K eða fylgiskjali, viðauka B. Hafi umtalsverðar breytingar orðið á rekstri eða húsnæði að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, þá skal greiða gjald eins og um væri að ræða nýja starfsemi.

Fyrir leyfi til markaðs- og götusölu greiðist kr. 4.000 en heilbrigðisnefnd er þó heimilt að lækka eða fella það niður.

4. gr.

Vegna útgáfu starfsleyfa, sem ekki heyra undir ákvæði 3. gr. skal innheimt gjald samkvæmt reikningi. Sama á við ef kostnaður vegna útgáfu starfsleyfis skv. 3. gr. reynist vera meiri en gert var ráð fyrir í áætlun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Starfsleyfisgjald greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gefur út samkvæmt fyrirleggjandi gögnum eða skoðun skal greiða kr. 4.000 og fyrir eiturbeiðnir kr. 1.000.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um er að ræða óflokkaða eftirlitsskylda starfsemi eða aukin eftirlitsverkefni, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, þá er Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Af starfsemi, sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Hollustuvernd ríkisins, skal greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Innheimtudeild Reykjavíkurborgar annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari og fyrir þjónustuverkefni. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur innheimtir gjald fyrir vottorð, eiturbeiðnir og leyfi til markaðs- og götusölu.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við fylgiskjal gjaldskrárinnar og sendir innheimtudeildinni.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

9. gr.

Pegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, með heimild í 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 125/1998 fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit í Reykjavík.

Reykjavík, 17. maí 1999.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgarstjóri.

VIÐAUKI A

A. Matvælaframleiðsla.

Svínasláturhús	4. fl.
Kjötiðnaður, lítill	9. fl.
Kjötiðnaður, miðlungs	14. fl.
Kjötiðnaður, stór	15. fl.
Kjötpökkunarstöð	8. fl.
Saltfiskverkun	1. fl.
Harðfiskverkun	4. fl.
Heitloftspurrkun fiskafurða	1. fl.
Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	4. fl.
Lagmeti og framleiðsla sjávarréttanna	5. fl.
Lifrabræðsla og lýsishreinsun	3. fl.
Kaldhreinsun lýsis	2. fl.
Fiskimjölsvinnsla	3. fl.
Vinnsla mjöls úr sjávarafurðum	2. fl.
Önnur ótalin fiskvinnsla	1. fl.
Mjólkurbú	14. fl.
Ostagerð	13. fl.
Ísgerð	13. fl.
Framleiðsla á kornvöru	4. fl.
Brauðverksmiðjur	11. fl.
Bakarí	4. fl.
Kex- og kökuframleiðsla	8. fl.
Súkkulaði- og sælgætisgerð	4. fl.
Krydd- og bragðefnaframleiðsla, lítil	1. fl.
Krydd- og bragðefnaframleiðsla, stór	4. fl.
Te- og kaffiframleiðsla	4. fl.
Salatgerð	4. fl.
Framleiðsla gosdrykkja og svipað, lítil	4. fl.
Framleiðsla gosdrykkja og svipað, stór	9. fl.
Framleiðsla tilbúinna rétta, stór	11. fl.

B. Þjónusta.

Snyrtistofur	2. fl.
Fótaaðgerðarstofur	1. fl.
Hársnyrtistofur	1. fl.
Nuddstofur	1. fl.
Húðflúrstofur	2. fl.
Húðgötun	2. fl.
Sólbaðstofur	1. fl.
Dagvist í heimahúsum	1. fl.
Gæsluvellir	3. fl.
Leikskólar	2. fl.
Líkamsræktarstöðvar	2. fl.
Íþróttamannvirki	2. fl.
Litlir sundstaðir	2. fl.
Stórir sundstaðir	3. fl.
Félagsmiðstöðvar	2. fl.
Félagsaðstaða fyrir fullorðna	2. fl.
Dvalar- og hjúkrunarheimili	3. fl.
Vistheimili	2. fl.
Læknastofur	1. fl.
Tannlæknastofur	1. fl.
Röntgenstofur	2. fl.
Læknahús, rannsóknarstöðvar	1. fl.
Heilsugæslustöðvar	2. fl.
Sjúkraþjálfun	1. fl.
Kírópraktor	1. fl.
Dýralæknastofur	1. fl.
Dýraspítalar	1. fl.
Áfengis meðferðarstöðvar	2. fl.
Fangelsi	4. fl.
Leikhús	1. fl.

Kvikmyndahús	3. fl.
Grunnskólar	4. fl.
Framhaldsskólar	4. fl.
Sérskólar	4. fl.
Skólar á háskólastigi	4. fl.
Tónlistarskólar	2. fl.
Dansskólar	1. fl.

C. Verslun.

Heildverslun með grænmeti, stór	4. fl.
Heildverslun með grænmeti, miðlungs	3. fl.
Heildverslun með sykur o.fl.	3. fl.
Heildverslun með önnur matvæli , lítil ..	3. fl.
Stórmarkaðir, miðlungs	10. fl.
Stórmarkaðir, stórir	15. fl.
Stórmarkaðir	4. fl.
Matvöruverslanir með vinnslu, mikla	9. fl.
Matvöruverslanir með vinnslu, miðlungs	5. fl.
Matvöruverslanir án vinnslu, stórar	5. fl.
Matvöruverslanir án vinnslu, meðal	4. fl.
Matvöruverslanir án vinnslu, litlar	3. fl.
Kjörbúðir	4. fl.
Nýlenduvöruverslanir	4. fl.
Söluturnar	1. fl.
Söluturnar með ís/samlokugerð	3. fl.
Matsöluvagnar	3. fl.
Fiskbúðir	3. fl.
Smásala á brauði og kökum	3. fl.
Sérverslun með matvörur	3. fl.
Markaðir	1. fl.
Sölubás	1. fl.
Stórar byggingavöruverslanir	7. fl.
Litlar byggingavöruverslanir	4. fl.
Málningar- og veggfóðurverslanir	4. fl.
Málningarvöruverslanir	4. fl.
Járnvöruverslanir	4. fl.
Varahlutaverslanir, ekki í bíla	4. fl.
Véla- og tækjasölur	4. fl.
Smásala með notaða muni í verslunum ..	4. fl.
Smásala efna í flokkum X, A og B	4. fl.
Sala eiturefna	5. fl.
Heildverslun með eiturefni og hættuleg efni	4. fl.
Vörugemymslur, flutningamiðstöðvar	3. fl.
Þjónustuaðilar kælikerfa, sem selja kælimiðla	1. fl.
Apótek	3. fl.
Snyrtivöruverslanir	3. fl.
Heildverslun með snyrtivörur	7. fl.

D. Veitinga-, skemmti- og gistipjónusta.

Hótel með stórum matsölustað	10. fl.
Hótel með meðalstórum matsölustað	6. fl.
Hótel með litlum matsölustað	3. fl.

Hótel án veitingasölu	2. fl.
Gistiheimili	1. fl.
Heimaginging	1. fl.
Matsölustaðir, veitingahús, stór	5. fl.
Matsölustaðir, veitingahús, miðlungs	4. fl.
Matsölustaðir, veitingahús, lítil	3. fl.
Krár, litlar, lágmarksmatargerð	2. fl.
Krár, stórar, lágmarksmatargerð	4. fl.
Skemmtistaðir með matsölu	9. fl.
Einkasalir, félagsheimili	1. fl.
Safnaðarheimili	1. fl.
Skyndibitastaðir, stórir	8. fl.
Skyndibitastaðir, miðlungs	5. fl.
Brauðstofur	4. fl.
Kaffistofur	1. fl.
Mötuneyti, stór	12. fl.
Mötuneyti, miðlungs	5. fl.
Mötuneyti, lítil	3. fl.
Sala á tilbúnum mat, lítil	3. fl.
Sala á tilbúnum mat, miðlungs	4. fl.

E. Vinnsla úr járn og öðrum málum.

Málmsteypa	3. fl.
Skipasmíði og skipaviðgerðir	4. fl.
Vélsmiði og vélaviðgerðir	1. fl.
Móttaka brotamálm	5. fl.
Húðun málna	2. fl.
Sandblástur málna	2. fl.

F. Jarð- og steinefnavinnsla.

Malbikunarstöðvar	4. fl.
Malar- og sandnám	2. fl.
Steinsmiði	1. fl.
Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	1. fl.
Framleiðsla tilbúnnar steinsteypu	2. fl.

G. Efnaiðnaður.

Húsgagnaiðnaður með lakkspurtun	3. fl.
Prentun dagblaða	4. fl.
Offsett- og hæðarprentun	2. fl.
Sáldprentun	2. fl.
Prentiðnaður og tengd starfsemi	2. fl.
Prentiðnaður með framköllun	3. fl.
Prentsmíð	2. fl.
Umfangsmikill prentiðnaður	4. fl.
Prentstofur	3. fl.
Þvottahús og efnalaugar	2. fl.
Efnalaugar	2. fl.
Þvottahús	1. fl.
Framköllunarþjónusta	3. fl.
Sérhæfð framköllunarþjónusta	2. fl.
Hreinlætisvöruverksmiðjur	6. fl.

Snyrtivöruframleiðsla	4. fl.	Bensínstöðvar, sala til almennings	9. fl.
Málningarverksmiðjur	9. fl.	Bensínstöð með veitingasölu, stór	14. fl.
Plastvöruframleiðsla	3. fl.	Bensínstöð, matvöruverslun með vinnslu	12. fl.
Framleiðsla á plötum o.þ.h. úr plastefnum	1. fl.	Bensínstöð, matvöruverslun án vinnslu ...	11. fl.
Framleiðsla gleríláta	1. fl.	Bensínstöð, söluturn með ís/samlokur	11. fl.
Framleiðsla á iðnaðargasi	1. fl.	Bensínstöð, söluturn	10. fl.

H. Vinnsla og úrvinnsla úr jurta- og dýraríkinu.

Trésmíðaverkstæði með lökkun	3. fl.	Ryðvarnarverkstæði	4. fl.
Framleiðsla á húsdýra- og fiskeldisfóðri	1. fl.	Bílapartasölur	3. fl.
Gúmmísteypa	6. fl.	Bifreiðavarahlutaverslanir, mikið af efnavöru	4. fl.
		Sala vara og fylgihluta í bíla	4. fl.

I. Búfjár- og dýrahald.

Hundahótel	1. fl.
Loðdýrabú	2. fl.
Alifuglarækt	3. fl.
Svínarækt	4. fl.

J. Starfsemi sem snertir vélknúin farartæki.

Bifreiða- og vélaverkstæði	2. fl.
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun	3. fl.
Bifreiðasprautun	3. fl.
Smurstöðvar	6. fl.

K. Ýmislegt.

Gámastöðvar	2. fl.
Skölfhreinsistöðvar	4. fl.
Flutningur úrgangs	3. fl.
Móttökustöð fyrir úrgang	3. fl.
Móttaka brotamálms	5. fl.
Spennaviðgerðir	2. fl.
Skotvellir	3. fl.
Flugvellir	5. fl.
Líkbrennslur	1. fl.
Spennistöðvar	1. fl.

VIÐAUKI B

Seiðaelði	II. fl.	Ostagerð	VIII. fl.
Landeldi	VI. fl.	Spennaviðgerðir	V. fl.
Almennur fiskiðnaður	I. fl.	Svínarækt	VI. fl.
Kjötiðnaður	I. fl.	Kaffibrennsla	VII. fl.
Mjölvinnsla sjávarafurða	III. fl.	Meðferð og húðun málma	VIII. fl.
Alifuglarækt	IV. fl.	Sandblástur	VIII. fl.
Svínasláturhús	V. fl.	Skotvellir	VIII. fl.
Mjólkurbú	VIII. fl.	Loðdýrabú	VIII. fl.